

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Af hundum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. staflið b í 2. gr. samþykktar nr. 167/2000 um hundahald í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Við skráningu hunda skal greiða leyfisgjald að upphæð kr. 3.200 á hvern hund og síðan árlega fyrirfram.

Ef endurnýja þarf merkisþjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.000.

Gjalddagi skal vera 20. febrúar ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötluðu.

3. gr.

Af þarfahundum á lögbýlum skal innheimta hundahreinsunargjald samkvæmt áföllnum kostnaði hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 13. desember 2006 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt af heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 25. október 2007.

Húnaþingi vestra, 21. maí 2008.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2008